

Þingsályktun

um að fordæma ólöglegt brottám úkraínskra barna.

Alþingi fordæmir harðlega ólöglegt og kerfisbundið brottám úkraínskra barna á hernumdum svæðum rússneska hersins í Úkraínu og flutning þeirra, jafnt innan þeirra svæða og til Rússlands og Belarúss. Það er eindregin afstaða Alþingis að rússnesk stjórnvöld skuli þegar í stað láta af brottámi barna sem brýtur í bága við alþjóðleg mannúðarlög og telst stríðsglæpur, eins og nýlega hefur verið áréttað í yfirlýsingu leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík. Jafnframt beri með öllum tiltækum ráðum að tryggja að þeim börnum sem flutt hafa verið til Rússlands eða Belarúss, eða innan hernumina svæða í Úkraínu, verði tafarlaust komið til foreldra sinna eða annarra forráðamanna undir eftirliti alþjóðasamfélagsins og að rússnesk stjórnvöld og aðrir gerendur verði dregin til ábyrgðar.

Samþykkt á Alþingi 5. júní 2023.